



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

36. tölublað, 4. árgangur, september 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

svín geta ekki horft til himins?

## Áskriftir

Nú ættu allir að vera búnir að skrá börnin sín í mjólkur- og eða ávaxtaáskrift í skólanum ef fólk vill en rúkkun verður send af stað í netbanka í september. Gjaldið er fyrir hálfan veturinn og annað eins eftir áramót.



## Kæra skólasamfélag

Nú er skólastarf komið vel af stað, vika búin með fullt hús af nemendum og gekk vel. Helsta breytingin í vetur, er eins og þið sáuð sem mættuð á fund fyrsta skóladag grunnskólastigs, sú að nú eru nemendur 1.-7. bekkjar með sameiginlegt heimasvæði og teymi tveggja kennara og stuðningsfulltrúa ber sameiginlega ábyrgð á nemendum 21. Við vonumst til þess að þessi breyting gefi okkur tækifæri til þess að skapa enn betri námsaðstæður fyrir nemendur og fjölbreytni í kennsluháttum þar sem hver og einn starfsmaður nýtur kostna sinna og þá verður enn skemmtilegra í vinnunni. Markmiðið er að nemendur njóti þessa með meiri sveigjanleika t.d. hvað hópastærðir og fjölbreytni í verkefnavali snertir, að nemendur njóti þess að fleiri séu þeim innan handar og aðstoði við verkefni og njóti þess að vera hluti af hóp þar sem teymi og nemendur ástunda jákvæð og uppbyggileg samskipti innan ramma reglna sem er ákveðinn af hópnum sem heild.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Símanúmer



Skóli: 460-4970

Kötlukot: 460-4973

Skólastjóri: 460-4971

Félagsheimili: 460-4979

## Veikindi og leyfi

Ef nemendur 1.-7.b þurfa leyfi er mikilvægt að fá leyfi hjá kennara en hjá skólastjóra ef það er lengur en 2 dagar. Mjög gott að foreldrar barna á Kötlukoti láti vita um öll fyrirhuguð leyfi sem og veikindi. Best er að foreldrar hringi til okkar rétt fyrir klukkan 08 og tilkynni veikindi. Annars ætlum við að vera rosalega hraust í vetur og lítið í fríi nema auðvitað þessum föstu fríum á [skóladagatalinu](#) sem allir hafa kynnt sér.



## Skólanámskrá

Fyrir hvern vetur er skólanámskrá uppfærð og í lok ágúst var hún samþykkt. Vinsamlegast kynnið ykkur innihald hennar á þessum hlekk:

[Skólanámskrá 2015-2016](#)



## Einelti og annað ofbeldi






Eins og þið vitið er einelti ekki liðið í skólanum né annað ofbeldi. Með aðferðum [Uppbyggingarstefnunnar](#) er unnið markvisst að forvörnum gegn einelti m.a. með því að nemendur sem hafa aldur og þroska til fara í sjálfsskoðun út frá grunnpörfunum fimm; að tilheyra, hafa áhrif, hafa frelsi, gleði sé ríkjandi og að njóta öryggis. Bekkjarsamtöl eru haldnir, bekkjarsáttmáli gerður, [skólareglur](#) eru virkar og [skýr mörk](#) nemenda eru til staðar. Allt þetta er til þess að hjálpa okkur að sporna við einleti og öðru ofbeldi.

Ef grunur vaknar um einelti eða annað ofbeldi er [skýr eineltisáætlun](#) til staðar um hvernig á að bregðast við. Í upphafi skólaárs er mikilvægt að kynna sér þessa áætlun.

Vinum saman að forvörnum gegn einelti og öllum líður betur!

# Viðburðadagatal september 2015

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

	1	2	3	4	5	6
7 Árskógarskóli 3 ára Linus 4 ára  Aðalfundur foreldrafélagsins kl. 1630 í skóla	8 Dagur læsis  Rýmingaræfing 	9	10	11	12	13
14	15	16 Útivistardagur  Þórhildur 11 ára 	17	18	19	20
21	22	23	24 Samræmd próf 7. bekkur	25 Samræmd próf 7. bekkur	26	27
28	29	30 Skólaþing 